

1. Almennar upplýsingar

Heiti

Útboð verðbréfa

Umsjón hagtalna

Seðlabanki Íslands, Upplýsingatækni og gagnasöfnun.

Tilgangur

Hagskýrsla um útboð skuldabréfa hér á landi, flokkuð á útgefendur, form og líftíma ásamt ávöxtunarkröfu við sölu þeirra.

Heimildir

Skýrslur frá Lánamálum ríkisins, Íbúðalánasjóði, bönkum og sparisjóðum, verðbréfafyrirtækjum og öðrum milligönguaðilum um útboð skuldabréfa.

Lagagrundvöllur

Gagnasöfnunin er á grundvelli [laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019, 32.gr.](#)

2. Aðferðafræði

Hugtök og skilgreiningar

Skuldabréf er yfirlýsing útgefanda (skuldara) um skyldu hans til að greiða öðrum aðila (kröfuhafa) ákveðna fjárhæð með vöxtum yfir tiltekinn tíma og endurgreiða lánið á gjalddaga. Skuldabréf geta verið óverðtryggð, verðtryggð eða gengistryggð. Verðtryggð skuldabréf eru að lágmarki til 5 ára, samkvæmt [reglum Seðlabanka Íslands um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár \(nr.492/2001\)](#), og eru miðuð við vísitölu neysluverðs.

Ríkisbréf er skuldabréfaútgáfa ríkissjóðs til lengri tíma en eins árs til að afla sér innlends lánsfjár á markaði til eigin fjármögnunar. Ríkisbréf eru flokkuð í *óverðtryggð* og *verðtryggð ríkisbréf* (áður nefnt *spariskírteini*) í *Íslenskum krónum*. *Gengistryggð ríkisbréf* voru gefin út hér á landi á níunda áratug síðust aldar en eru nú uppgreidd.

Íbúðabréf eru skuldabréf sem gefin eru út af Íbúðalánasjóði (frá 1. júlí 2004) til að fjármagna peningalán til húsnæðiskaupa eða –byggingar.

- **Húsbréf** voru gefin út af Íbúðalánasjóði (áður Húsnæðisstofnun) á tímabilinu 15. nóvember 1989 til 1. júlí 2004 með útdráttarfyrikomulagi endurgreiðslna þeirra.
- **Húsnæðisbréf** voru gefin út af Íbúðalánasjóði (áður Húsnæðisstofnun) til að fjármagna félagslega íbúðalánakerfið.

Banka- og sparisjóðsbréf eru skuldabréf sem bankar gefa út og selja í þeim tilgangi að afla sér fjár til endurlána.

Aðrir útgefendur skuldabréfa eru sveitarfélög, aðrar lánastofnanir en innlánsstofnanir, atvinnufyrirtæki og félög. Einnig geta erlendir aðilar gefið út skuldabréf hér á landi.

Víxill er algengasta form skammtímaskuldabréfa. Víxill getur verið krafa á hendur öðrum manni eða eigin víxill. Víxlar bera forvexti og söluandvirði þeirra því lægra sem nemur ávöxtunarkröfu kaupandans.

Ríkisvíxlar eru óverðtryggðir og gefnir út af Lánamálum ríkisins til að mæta lausafjárþörf Ríkissjóðs Íslands til skemmri tíma.

3. Áreiðanleiki gagna

Gögn eru unnin eftir upplýsingum útgefenda eða milligönguaðila í útboði. Skráð skuldabréf eru birt í Kauphöll (OMX). Útboðin eru flokkuð í opin og lokuð útboð við sölu og samtala þeirra reiknuð í hverjum mánuði.

4. Endurskoðun gagna

Gögn eru endurskoðuð ef nýjar upplýsingar berast.

5. Birting

Birting útboða verðbréfa er á [Hagtölusíðu Seðlabankans](#) einu sinni í mánuði. Gögnin eru aðgengileg á mánaðarlegri tíðni frá 1. janúar 1994.

6. Annað

Listi fjármálafyrirtækja sem skila upplýsingum um útboð

1. ALM Fjármálaráðgjöf hf.
2. Arctica Finance hf.
3. Arion banki hf.
4. Centra Fyrirtækjaráðgjöf
5. Fossar markaðir hf.
6. Íslandsbanki hf.
7. Íslensk verðbréf hf.
8. Kvika hf.
9. Landsbankinn hf.
10. Lánamál ríkisins
11. Lánasjóður sveitarfélaga
12. T-Plús